

Nr. 063 / 14 Gullberg VE 292***Skipverji slasast við trolltöku***

Skipaskr.nr. 2747 IMO nr. 9211810
Smíðaður: Noregi 2000, stál
Stærð: 337,8 brl. 599,6 bt.
Mesta lengd: 37 m Skráð lengd: 31,9 m
Breidd: 10,4 m Dýpt: 6,53 m
Vél: Caterpillar 1056 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 12

Gögn:
Gögn RNS



Gullberg©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júlí 2014 var Gullberg VE 292 á togveiðum á Flákanum í Breiðafirði. Veður: N 22-24 m/s og ölduhæð 4 m.

Skipverjar voru að taka trollið, í miklum veltingi, og þegar tveir þeirra ætluðu að slá stroffu á belginn slóst hann til með þeim afleiðingum að annar skipverjinn kastaðist harkalega á stb. lunningu á trollþilfarinu og þaðan í þilfarið. Slasaði reyndist bólginn og marinn á síðunni og var frá vinnu um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða var fyrri færan komin alveg fram og hífing hafði verið stöðvuð. Þeir hafi verið tveir sitthvoru megin við belginn og verið að slá á hann;
- að gilskrókurinn var lokaður krókur;
- að skipstjóri sagði að skipið væri mjög lifandi og snöggt í hreyfingum en í þetta skipti var veður á mörkunum að hægt væri að vera að veiðum. Þeir hafi verið að taka trollið í hliðarvindi en þá hafi sjór kastað því til bakborða og belgurinn slegist til stjórnborða. Hann sagði enn fremur að í miklum hliðarvindi héldi vindurinn við skipið og minnkaði velting;
- að skipstjóri sagði að eftir slysið hafi þetta vandamál verið tekið til umfjöllunar. Niðurstaða hafi verið að þegar trollið er tekið í varasömu veðri er pokagilsinum krækt í öflugan keng úti í síðu og strekkt í svo hann haldi belgnum föstum öðru megin á trollþilfarinu og stöðvi sláttinn.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að haldið hafi verið of lengi að veiðum í vondu veðri.